

6. drög dags. 13. október 2021

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2021-2023



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðgerðir	3
Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar	3
Forvarnarverkefni í hverfum	4
Saman gegn ofbeldi	4
Þjónustusamningar	10
Bjarkarhlíð – aðild að rekstri	10
Barnavernd	11
Opinskátt um ofbeldi	12
Sí- og endurmenntun fagfólks um kynferðisofbeldi	13
Ráðgjafateymi um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi	14
Námsefni um ofbeldi í samböndum ungs fólks	14
Samstarf til eflingar öryggis á skemmtistöðum	14
Vændi og mansal	16
Nordic safe cities	16
Vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni í starfsumhverfi borgarinnar	16

MYNDIR: LINDA ÓLAFSDÓTTIR

Inngangur

Aðgerðaráætlunin er unnin af ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar. Hún er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru verði framkvæmd. Það er mikilvægt að hafa í huga að sumir hópar í samfélaginu verða frekar fyrir ofbeldi en aðrir og verða oft fyrir magþættri mismunun t.d. fatlað fólk sem eru innflytjendur eða konur sem eru hinsegin svo dæmi sé tekið.

Aðgerðaráætlunin byggir meðal annars á:

- ✓ Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar
- ✓ Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna frá 2020
- ✓ Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess
- ✓ Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum
- ✓ Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn)
- ✓ Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Niðurstöðum ýmissa rannsókna sem hafa verið unnar á þessu sviði á undanförunum árum
- ✓ Upplýsingum og tölfræði sem hefur verið safnað af Reykjavíkurborg m.a. í verkefninu **Saman gegn ofbeldi**

Aðgerðir

Hér á eftir fara aðgerðirnar. Þeim er skipt niður í kafla eftir helstu viðfangsefnum.

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs.

Hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Ofbeldisvarnarnefnd er skipuð sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tilnefni einn fulltrúa og einn til vara, Stígamót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefni einn fulltrúa og einn til vara.

Ofbeldisvarnarnefnd fylgir eftir ýmsum verkefnum sem lúta að minnkun ofbeldis m.a. hefur hún það hlutverk að fylgja eftir þessari aðgerðaráætlun.

Markmið:

Markmiðið með starfi nefndarinnar er að stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Aðgerð 1

Samráðsvettvangur

Skapa vettvang fyrir samráð borgarfulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna með því að starfrækja ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar og efla þekkingu þessara aðila á ofbeldisvörnum.

Ábyrgðaraðili: Borgarráð.

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar, grasrótarsamtök og fræðasamfélagið.

Tímarammi/staða: Á meðan samþykktir um hana eru í gildi.

Fjárheimildir vegna ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar eru kr. 1.190.000 fyrir árið 2021.

Forvarnarverkefni í hverfum

Fjöldmörg forvarnarverkefni m.a. gegn ofbeldi og verkefni sem lúta að eflingu félagsauðs eru í hverfum borgarinnar. Verkefnin eru á vegum þjónustumiðstöðva borgarinnar eða leik- og grunnskóla og eru iðulega unnin í samvinnu við ýmsa aðila. Einnig eru til ýmsir samstarfs- eða samráðshópar sem nmá til borgarinnar í heild og sinna forvarnarstarfi eins og t.d. Saman hópurinn og Náum áttum. Þar sem verkefnin eru afar fjölbreytt og taka oft breytingum til að laga þau að aðstæðum hverju sinni eru þau ekki tilgreind hér hvert og eitt.

Saman gegn ofbeldi

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Þolendum er veitt ráðgjöf og ýmis þjónusta, gerendur eru hvattir til að sækja meðferð, vinna lögreglunnar á vettvangi hefur verið bætt og börn fá stuðning frá sálfræðingum barnaverndar Reykjavíkur. Þetta er ekki lengur átaksverkefni eins og í upphafi heldur verklag sem er unnið eftir í heimilisofbeldismálum.

Markmið

Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á samstarfsverkefninu og er í því lögð áhersla á ýmsa þá hóp sem mannréttindastefnan nær til. Þannig er horft sérstaklega til hinsegin fólks og heimilisofbeldis, fatlaðs fólks og heimilisofbeldis, aldraða og heimilisofbeldis. Mikilvægur hluti verkefnisins er einnig að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið. Þegar börn eru á heimilinu er einnig kallaður til ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotaþola á staðnum.

Aðgerð 2

Reglulegir samráðsfundir

Halda reglubundna samráðsfundi í teyminu sem stýrir verkefninu **Saman gegn ofbeldi**. Teymið er skipað fulltrúum frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, skrifstofu Velferðarsviðs, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Kvænnaathvarfinu, Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu og Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar/verkefnastjóri.

Samstarfsaðilar: Grasrótarsamtök, fræðasamfélagið, ríkið önnur sveitarfélög og aðrir sem vinna gegn ofbeldi.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 3

Ráðgjöf og stuðningur í útkalli og í kjölfar þess

Veita ráðgjöf og stuðning í útkalli. Starfsmaður barnaverndar og félagsráðgjafi/sérfræðingur á þjónustumiðstöð mætir á heimili með lögreglu í útköllum vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á staðnum. Ef barn er ekki á heimili eða skráð til heimilis þar sem ofbeldi er tilkynnt er brotþoli spurður hvort kalla megi til félagsráðgjaf/sérfræðing velferðarþjónustunnar.

Félagsráðgjafi hefur samband við brotþola innan fjögurra virkra daga og býður brotþola upp á viðtal.

Félagsráðgjafi og lögregla fara saman í eftirfylgniheimsókn á heimilið innan tveggja vikna og er tilgangurinn m.a. að kanna hvort aðstæður hafi breyst, hvort ofbeldið sé viðvarandi og til að minna aftur á þá aðstoð sem er í boði.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið - þjónustumiðstöðvar.

Samstarfsaðilar: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 4

Ráðgjöf til brotþola

Veita brotþolum markvissa ráðgjöf. Öllum brotþolum heimilisofbeldis er boðið upp á skipulagða félagslega ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum þjónustumiðstöðvar. Áhersla er lögð á að biðtími eftir ráðgjöf verði stuttur og að málið verði skilgreint sem forgangsmál. Samkvæmt ábendingu frá öldungaráði þá vilja sumir aldraðir frekar þjónustu prests í þessum aðstæðum og þá er höfð milliganga þar um.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 5

Stuðningur við börn með viðtölum

Veita börnum sem verða vitni af heimilisofbeldi stuðning með viðtölum. Barnavernd Reykjavíkur býður börnum sem verða vitni af heimilisofbeldi viðtöl við sálfræðinga.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 6

Húsnæðismál

Fara yfir það hvernig hægt er að mæta brotaþolum ofbeldis í húsnæðismálum. Horft verði til þess hvort borgin eigi að vera með sérstaka íbúð fyrir brotaþola heimilisofbeldis til að dvelja í til styttri tíma. Einnig verði skoðað hvernig hægt er að mæta brotaþolum í úthlutunarreglum vegna húsnæðis á vegum borgarinnar t.d. með því að veita brotaþolum forgang og setja fram vinnulag t.d. um það hvernig bregðast skuli við því þegar gerandi neitar að fara út úr íbúð sem er á beggja nafni.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: 2021.

Aðgerð 7

Heimilislaut fólk með fjölþættan vanda er í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart ofbeldi og misnotkun. Settur verði á fót starfshópur til að fara yfir stöðu þeirra og gera tillögur að úrbótum.

Ábyrgðaraðili: Saman gegn ofbeldi/verkefnisstjóri í samvinnu við velferðarsvið.

Tímarammi: 2021-2022

Aðgerð 8

Skimun á þjónustumiðstöðvum

Félagsráðgjafar skimi/spyrji hvort viðkomandi búi eða hafi búið við ofbeldi hjá öllum sem koma í viðtöl til þeirra. Þess sé sérstaklega gætt að skima líka fyrir ofbeldi hjá öldruðum.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 9

Söfnun tölfraeðiupplýsinga og birting

Taka saman tölfraeðiupplýsingar á Velferðarsviði og hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og birta sameiginlega með reglubundnum hætti á vef borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar/verkefnisstjóri, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Uppfært í hverjum mánuði.

Aðgerð 10

Fræðsla fyrir starfsfólk í verkefninu

Veita ráðgjöfum þjónustumiðstöðva, starfsfólki Barnaverndar og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem fara í útköll og sinna eftirfylgni fræðslu um ýmsar birtingamyndir heimilisofbeldis. Einnig að vera með fræðslu um þá hópa sem er hvað hættast við að verði fyrir ofbeldi s.s. fatlað fólk og fræðslu um sérstöðu annarra hópa s.s. hinsegin samfélagsins og hvað annað sem þeim finnst gagnast í þessu starfi. Unnin er fræðsluáætlun fyrir hvern vetur.

Ábyrgðaraðili: Teymið sem stýrir Saman gegn ofbeldi og verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 11

Upplýsingagjöf á vefsíðu borgarinnar yfir þjónustu

Vera með upplýsingar á vefsíðu borgarinnar um það hvert brotapolar og gerendur geta leitað til að fá aðstoð. Einnig að birta upplýsingar um verkefnið **Samán gegn ofbeldi**, skýrslur og annað efni sem lýtur að verkefninu og kann að gagnast almenningi og öðrum sveitarfélögum.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 12

Upplýsingagjöf á erlendum tungumálum

Birta upplýsingaefni um það hvar sé hægt að leita aðstoðar á ensku og pólsku þ.e. í því upplýsingaefni sem er birt á vefsíðu borgarinnar og í útgefnu efni. Þjóða túlkþjónustu og veita starfsfólki þjálfun í að nota hana.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjórn/verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 13

Samstarf við frjáls félagasamtök

Samstarf við félagasamtök sem vinna með innflytjendum, átthagafélög innflytjenda, trúfélög og kvennasamtök um dreifingu upplýsinga um heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Saman gegn ofbeldi/verkefnisstjóri .

Samstarf: Sérfræðingar í innflytjendamálum á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 14

Meðferð fyrir gerendur

Rjúfa vítahring ofbeldis með því að vísa gerendum á meðferðarúrræðið Heimilisfriður og í sumum tilvikum veita þeim styrk til að nýta sér það.

Hvetja ríkið til að styrkja meðferð fyrir gerendur sem beita börn sín ofbeldi en nú er einvörðungu styrkt meðferð fyrir gerendur ofbeldis í nánum samböndum.

Ábyrgðaraðili: Hvatning; Saman gegn ofbeldi. Meðferð; Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Bréf með greinargerð til ríkisins 2021, annað er viðvarandi.

Aðgerð 15

Fatlað fólk og ofbeldi

Leggja áherslu á stöðu fatlaðs fólks í tengslum við ofbeldi. Fatlaðar konur og börn eru í einna mestri hættu á að verða beitt ofbeldi í samfélaginu. Fatlað fólk getur verið þolendur ofbeldis með sama hætti og ófatlað fólk. Hins vegar á fatlað fólk það einnig á hættu að vera beitt ofbeldi sem sérstaklega er bundið við stuðningsþarfir þess og jaðarsetta stöðu í samfélaginu.

Fræðsla verði í boði fyrir starfsstaði um fatlað fólk og ofbeldi og einnig bent á rafrænt fræðsluefni sem er til. Reglulegt samráð verði haft við réttindagæslumenn fatlaðs fólks í Reykjavík til þess að hægt verði að bregðast við ábendingum þeirra varðandi stöðu fatlaðs fólks í borginni.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa sér um fræðslu þegar farið er á staðinn, rafrænt fræðsluefni er til og er á vegum velferðarsviðs.

Velferðarsvið hefur reglubundið samráð við réttindagæslu, mannréttindaskrifstofa/Saman gegn ofbeldi á fund einu sinni á ári með réttindagæslu vegna málefna sem snúa að ofbeldi og því að framfylgja mannréttindastefnu borgarinnar.

Tímarammi: Viðvarandi.

Aðgerð 16

Hanna og prenta upplýsingaefni/plakat fyrir fatlað fólk til að hengja upp í íbúakjörnum og annars staðar þar sem við á. Upplýsingaefninu verði fylgt eftir með heimsókn í íbúakjarnana og á aðra þá staði þar sem mikilvægt er að vera með þessar upplýsingar.

Ábyrgðaraðili: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa – sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks

Tímarammi: 2021-2022

Aðgerð 17

Samkvæmt skilgreiningum ríkislögreglustjóra, sem öll lögregluembættin vinna eftir, þá er heimilisofbeldi skilgreint sem ofbeldi milli skyldra eða tengdra. Túlkunin er með þeim hætti að ekki er litið á það sem ofbeldi þegar einn íbúi t.d. í íbúakjarna fyrir fatlað fólk eða fyrir fólk með fjölþættan vanda beitir annan íbúa ofbeldi. Þetta leiðir af sér að þá er ekki vinnulag í heimilisofbeldismálum virkjað.

Lögð verið áhersla á að breyta þessari túlkun til þess að verklag sem hefur reynst vel nýtist betur þessum hópum sem eru í viðkvæmri stöðu.

Tímarammi: 2021

Ábyrgð: Stýrihópur Saman gegn ofbeldi

Aðgerð 18

Heimilisofbeldi og hinsegin fólk

Leggja áherslu á það, í samstarfi við Samtökin '78, að ná til hinsegin fólks sem verður fyrir heimilisofbeldi. Þjóða fræðslu um efnið og vinna rafrænt fræðsluefni.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 19

Aldraðir og ofbeldi

Þjóða fræðslu um aldraða og heimilisofbeldi innan borgarinnar. Vinna rafrænt fræðsluefni. Útgáfa og dreifing bæklinga um aldraða og heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: Útgáfa bæklinga 2021 dreifing bæklinga 2021 og áfram. Annað viðvarandi.

Samstarfsaðilar: Er unnið í sérstöku samstarfi við Saman gegn ofbeldi og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgerð 20

Sett verið á fót teymi sem er skipað fólki sem þjónustar aldraða á Landspítalanum, þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, lögreglunni og Bjarkarhlíð til að vinna með flókin ofbeldismál sem tengjast öldruðum.

Tímarammi: Haust 2021.

Ábyrgð: Saman gegn ofbeldi/verkefnisstjóri

Þjónustusamningar

Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við grasrótarsamtök sem vinna með brotaþolum ofbeldis. Vinna grasrótarsamtaka með brotaþolum bæði heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis er mikilvæg og viðurkennir borgin það í verki með þjónustusamningum við þau. Reykjavíkurborg tekur einnig þátt í rekstri Bjarkarhlíðar sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Velferðarráðuneytisins, Dómsmálaráðuneytisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Samtaka um Kvennaathvarf, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fulltrúar Reykjavíkurborgar eiga sæti í stjórn og framkvæmdastjórn verkefnisins.

Samningar við grasrótarsamtök og samstarfsverkefnið um Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, tryggja að í boði sé þjónusta sem höfðar til breiðs hóps.

Markmið

Að veita borgarbúum sem hafa orðið fyrir ofbeldi stuðning, ráðgjöf og meðferð ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis. Auk þess að gefa skýr skilaboð um að ofbeldi verði ekki liðið.

Aðgerð 21

Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við Kvennaathvarfið

Tryggja að í gildi séu vel skilgreindir þjónustusamningar á milli Reykjavíkurborgar og Kvennaathvarfisins þannig að konum og börnum þeirra bjóðist dvöl og ráðgjöf þegar þær þurfa á að halda.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður á ári sbr. þjónustusamning: kr. 12.500.000.

Aðgerð 22

Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við Stígamót

Tryggja að í gildi séu vel skilgreindir þjónustusamningar á milli Reykjavíkurborgar og Stígamóta þannig að áfram verði hægt að bjóða upp á ókeypis þjónustu við brotaþola kynferðisofbeldis.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður á ári: 12.000.000 kr.

Aðgerð 23

Bjarkarhlíð – aðild að rekstri

Taka þátt í rekstri og þróun þjónustunnar í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis.

Ofbeldisvarnanefnd telur Bjarkarhlíð hafa sannað mikilvægi sitt og að tryggja þurfi að starfsemin haldi

áfram. Lagt er til að ráð verði gert fyrir áframhaldandi árlegum stuðningi, en forsenda er aðkoma ríkisins að rekstri. Reykjavíkurborg leggur til húsnæði Bjarkarhlíðar og sitja fulltrúar borgarinnar í stjórn og framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar.

Ábyrgðaraðili: Ofbeldisvarnarnefnd.

Kostnaður: Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir starfsemina, u.þ.b. 3 millj. á ári.

Barnavernd

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Það er hlutverk Barnaverndar að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður fái nauðsynlega aðstoð. Leitast er við að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í barnaverndarlögum er kveðið á um að allir sem hafa með uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

1. Eftirlit. Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
2. Úrræði. Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
3. Önnur verkefni. Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í barnaverndarlögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar. Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjáskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

Markmið:

Bæta uppeldisskilyrði barna á heimilum þeirra og almennt í samfélaginu. Tryggja að öll börn búi við öryggi.

Aðgerð 24

Bregðast án tafar við tilkynningum um ofbeldi gagnvart barni

Barnaverndarstarfsfólk bregst án tafar við tilkynningum um ofbeldi gagnvart barni. Til að auðvelda leiðina til að tilkynna hefur verið komið upp tilkynningahnappi á vefsíðu borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 25

Byggja upp úrræði til eflingar foreldrahæfni

Barnavernd kemur að uppbyggingu og eflingu úrræða sem ætlað er að efla foreldrahæfni. Þetta er gert í samstarfi við aðra aðila og til hagsbóta fyrir foreldra og börn.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Aðgerð 26

Fræðsla og handleiðsla í skólum og tómstundastarfi

Barnavernd sér um fræðslu á barnaverndarlögum og þeim skyldum sem starfsfólk í skóla- og tómstundastarfi þarf að mæta samkvæmt þeim. Einnig sér barnavernd um handleiðslu við starfsfólk þegar á þarf að halda.

Ábyrgðaraðili: Barnavernd Reykjavíkur.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Opinskátt um ofbeldi

Verkefnið **Opinskátt um ofbeldi** snýst um að gera starfsfólk betur í stakk búið til að tala um ofbeldi og bregðast við ef það verður vart við að börn búi við ofbeldi. Verkefnið snýst einnig um það að gera börnum kleift að fjalla um ofbeldi. Þetta verkefni var í upphafi tilraunaverkefni sem þrjú starfsstaðir tóku þátt í; leikskólinn Gullborg, Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland, tóku þátt í þessu tilraunaverkefni. Borgarstjórn hefur ákveðið að innleiða verkefnið í öllum hverfum borgarinnar. Hreinskiptin umræða um ofbeldi og afleiðingar þess sem sniðin er að þroska barna á leik- og grunnskólaaldri er skref í þá átt að draga tjöldin frá og rjúfa þögnina sem hefur umlukið ofbeldi.

Markmið:

Auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða um ofbeldi opinskátt og taka afstöðu gegn því. Einnig að efla þekkingu kennara og annars starfsfólks á ofbeldi, réttum viðbrögðum þegar grunur vaknar um ofbeldi og samræmt verklag við þær aðstæður í leik- og grunnskólum borgarinnar.

Aðgerð 27

Opinskátt um ofbeldi í öllum hverfum borgarinnar

Innleiða verkefnið/verklagið í öllum hverfum borgarinnar með því m.a. að:

- ✓ Ræða við börn um ofbeldi, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi
- ✓ Tryggja að börn viti af hjálp, t.d. með veggspjöldum í öllum skólum
- ✓ Vera með skýra ferla sem snúa að tilkynningum til barnaverndar og hver tilkynnir og hver sér um samskipti við foreldra
- ✓ Vera með fræðslu, sem barnavernd Reykjavíkur sér um, til kennara og annars starfsfólks skóla

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið.

Samstarfsaðili: Barnavernd og mannréttindaskrifstofa.

Tímarammi/staða: Halda áfram með innleiðinguna.

Kostnaður: 10 millj. voru veittar til verkefnisins árið 2018.

Aðgerð 28

Vinna og innleiða samræmda ferla og leiðbeiningar til starfsfólks vegna barnaverndartilkynninga í öllum leik- og grunnskólum borgarinnar. Þar sé tilgreint m.a. með dæmum að það að búa við heimilisofbeldi þótt að barn verði ekki sjálft fyrir ofbeldi teljist ofbeldi gegn barni vegna þeirra áhrifa sem það hefur á börn.

Þetta á eftir að útfæra nánar með SFS og BR

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið.

Samstarfsaðili: Barnavernd.

Tímarammi/staða: 2021-2022.

Sí- og endurmenntun fagfólks um kynferðisofbeldi

Tíðni kynferðisofbeldis er svo há að allt fagfólk Reykjavíkurborgar sem vinnur með fólki er líklegt til þess að hitta brotþola í störfum sínum. Þess þarf að gæta að halda á lofti umræðu um kynferðisofbeldi og að fagfólk viti hvar hægt sé að leita eftir upplýsingum og hvert beri að beina fólki. Í samningi Stígámóta er tilgreint að Stígámót sjái um fræðslu m.a. á þjónustumiðstöðvum.

Markmið:

Að efla þekkingu starfsfólks á heimilisofbeldi og gera það betur í stakk búið til að veita ráðgjöf og beina fólki í þjónustu.

Aðgerð 29

Fræðsla um kynferðisofbeldi

Þjóða upp á fræðslu Stígámóta í fræðsluáætlun velferðarsviðs og einnig í miðlægri fræðslu hjá borginni.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið og Mannauðs- og starfspróunarsvið.

Samstarfsaðili: Stígámót.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Er tilgreint í samningi að Stígámót sjái um þessa fræðslu.

Ráðgjafateymi um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi

Viðhalda ráðgjafateymi um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi. Teymið er skipað fulltrúum úr öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar auk fulltrúa skólahjúkrunarfræðinga og fulltrúa skóla- og frístundasviðs. Verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur er formaður teymis en teymið veitir ráðgjöf, stuðning og fræðslu eftir þörfum til stjórnenda, starfsfólks og barna og unglunga þegar upp koma kynferðisbrotamál í skóla- og eða frístundastarfi. Teymið hefur tengiliði hjá Barnavernd Reykjavíkur, lögreglu, Stígamótum og neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Mikilvægt er að viðhalda starfsemi teymisins og nauðsynlegri þekkingu innan teymis s.s á nýjum birtingarmyndum kynferðisofbeldis

Markmið:

Að tryggja að brugðist sé við öllum kynferðisbrotamálum sem upp koma í skóla- og frístundastarfi á faglegan hátt og þeim komið í viðeigandi farveg.

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið og Velferðarsvið

Tímarammi/staða: Viðvarandi

Námsefni um ofbeldi í samböndum ungs fólks

Örugg saman er námsefni fyrir 9. til 10. bekk sem er byggt á bandarísku gagnvirku námsefni sem var unnið út frá rannsóknum. Þessi aðferð er ein þeirra sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnun mælir með til að draga úr ofbeldi í nánnum samböndum. Um er að ræða kennslustundir sem fjalla um hvernig samskipti geta verið góð og uppbyggileg, fjalla um staðalmyndir, ofbeldi í samböndum og kynferðisofbeldi. Efnið var þýtt og staðfært fyrir íslenskar aðstæður af Landlæknisembættinu.

Sjúk ást er upplýsingaefni fyrir vef sem Stígamót hafa unnið um heilbrigð og óheilbrigð parasambönd, ofbeldi og jafnrétti og er að finna á www.sjukast.is

Markmið:

Draga úr ofbeldi í nánnum samböndum meðal ungs fólks.

Aðgerð 31

Kynna námsefni

Vekja athygli stjórnenda skóla og kennara á námsefninu.

Ábyrgðaraðili: SFS, sérstaklega jafnréttisskólinn.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Áætlaður kostnaður: Enginn.

Samstarf til eflingar öryggis á skemmtistöðum

Vinna að aðgerðum í tengslum við samkomulag Reykjavíkurborgar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka ferðaþjónustunnar um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði. Í því felst að halda reglubundna teymisfundi frá fulltrúum áðurnefndra aðila þar sem

farið er yfir stöðuna á samkomulaginu og hvað megi betur fara. Einnig eru haldnir fundir með fulltrúum skemmtistaða sem eiga aðild að verkefninu þar sem farið er yfir ofbeldisbrot á skemmtistöðum síðustu sex mánuði hverju sinni. Á þessa fundi er einnig boðaður fulltrúi neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis sem fer yfir komur á neyðarmóttöku á tímabilinu.

Í samstarfinu felst að auki að unnar séu reglubundnar úttektir á skemmtistöðum þar sem fulltrúar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins heimsækja þá staði sem eiga aðild að samkomulaginu og gera ábendingar um þau atriði sem betur mættu fara.

Markmið:

Auka öryggi inni á skemmtistöðum.

Ábyrgðaraðili: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu/mannréttindaskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Reykjavíkurborg, Samtök aðila í ferðaþjónustu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Áætlaður kostnaður:

Aðgerð 32

Fræðsla fyrir dyraverði

Samkvæmt samkomulagi við Mími símenntun heldur starfsfólk frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fræðslu fyrir dyraverði sem er hluti af námskeiði til dyravarðaréttinda.

Inntak fræðslunnar er eftirfarandi: Hvernig geta okkar eigin fordómar og staðalmyndir í samfélaginu haft áhrif á samskipti okkar við mismunandi hópa? T.d. innflytjendur, hinsegin fólk og fatlað fólk. Hverjar eru birtingarmyndir fordóma og hvernig geta þeir leitt til áreitni og ofbeldis? Hvað er kynferðisleg áreitni og hvernig er hægt að bregðast við henni?

Markmið að loknu námi er að námsmenn:

- ✓ Séu meðvitaðir um mismunandi stöðu fólks í samfélaginu sem sækir skemmtistaði t.d. út frá kyni, uppruna, kynhneigð, fötlun eða annarri stöðu
- ✓ Geti borið kennsl á birtingarmyndir fordóma og áreitni gagnvart ólíkum hópum
- ✓ Þekki birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og þekki leiðir til að bregðast við
- ✓ Hafi öðlast aukna færni til þess að bregðast við hegðun sem byggir á fordómum

Markmið: Efla öryggi fólks inni á skemmtistöðum og við þá.

Ábyrgðaraðili: Mímir símenntun og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Mímir, símenntun.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Vændi og mansal

Mansal fer eðli málsins samkvæmt mjög leynt og er þörf á að virkja almenning til að fylgjast með sínu nærumhverfi og þekkja merki mansals. Reykjavíkurborg vill vinna gegn vændi, bæði með því að tryggja úrræði sem geta komið í veg fyrir að fólk leiðist út í vændi og með aðstoð við fólk við að vinna úr afleiðingum vændis, en kaup á því eru ólögleg.

Aðgerð 33

Samvinna gegn vændi og mansali

Efling samstarfs í vinnu gegn vændi og mansali. Teymi sem skipað er fulltrúum lögreglu, byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlits, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, mannréttindaskrifstofu, vinnueftirlits, velferðarsviðs og innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar byggi upp þekkingu á mansali og því hlutverki sem hvert og eitt embætti gegnir eða getur gengt í því sambandi.

Teymi á velferðarsviði sem þróar þjónustu við brotþola vændi og mansals.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa ber ábyrgð á samtarfsteymi en velferðarsvið á teymi sem tengist einstökum málum.

Samstarfsaðilar: Allir sem eiga sæti í teyminu.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Nordic safe cities

Vinna með norrænum borgum að auka öryggi í borgum. Í þessu verkefni hafa tekið þátt tuttugu borgir frá öllum Norðurlöndunum. Upphaf verkefnisins má rekja til þeirra voðaverka sem framin voru í Útey.

Markmið:

Að fyrirbyggja öfgahyggju og hatursorðræðu í samfélaginu með ýmsum hætti og koma þannig í veg fyrir ofbeldi sem upp gæti komið hjá einstaklingum eða hópum sem aðhyllast slíkt.

Aðgerð 34

Setja fram aðgerðaráætlun um leiðir til að fyrirbyggja öfgahyggju og hatursorðræðu í samvinnu við sviðborgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Borgarstjóri/mannréttindaskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Öll svið borgarinnar.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni í starfsumhverfi borgarinnar

#Metoo byltingin sýndi fram á mikilvægi þess að allt samfélagið bregðist við og vinni gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Í 14 gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna segir: "Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþrótta- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir

kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.“

Markmið:

Útrýma kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni-, kynferðislegri áreitni í starfsumhverfi og þjónustu borgarinnar.

Aðgerð 35:

Markviss fræðsla til starfsfólks um stefnu Reykjavíkurborgar gegn EKKO (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi) og verkferla í gegnum nýtt fræðslukerfi borgarinnar

Ábyrgðaraðili: MOS

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar eftir því sem við á.

Tímarammi/staða: Að allt starfsfólk hafi aðgang að fræðslunni vor 2022.

Aðgerð 36:

Vinna samskiptasáttmála Reykjavíkurborgar

Ábyrgðaraðili: MOS

Samstarfsaðilar: Svið og skrifstofur borgarinnar eftir því sem við á.

Tímarammi/staða: Drög að samskiptasáttamála liggi fyrir í lok árs 2022

